

3.fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Viðstaddir fundinn voru; Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Silja Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra Sólveig Reynisdóttir og Birna Klara Björnsdóttir fulltrúar kennara og Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur var settur kl 9:10

Fyrir fundinn var skólastjóri búin að dreifa breytingartillögu skóladagatal 2021-2022 og drögum að starfsáætlun skólaráðs

1. Starfsáætlun

Farið yfir drög sem send voru fyrir fund.

Starfsáætlun til umræðu. Eftir lítilsháttar breytingar er þetta starfsáætlun ráðsins:

Fundir	dagskrá
14.október	<ul style="list-style-type: none">• Starfsáætlun skólaráðs• skóladagatal• niðurstöður lestrarprófa• stefnumótun skóla• upphaf skólastarfs• húsnæði• önnur mál
6.desember	Niðurstöður Skólapúlsins. Fulltrúar nemendaráðs
10.febrúar	Niðurstöður lestrarprófa
31.mars	Opinn fundur með foreldrafélagi
25.maí	Skólaárið 2021-22, umræður Skólaárið 2022-2023 undirbúningur Niðurstöður Skólapúlsins

2. Skóladagatal

Lögð var fyrir breytingartillaga skóladagatal. En jólaskemmtun var færð frá 20.desember til 16. eða 17.desember. Eftir samtal var ákveðið að færa jólaskemmtun til 16.desember, hefst skemmtunin upp úr kl. 16. Óskað verður eftir samvinnu við foreldrafélagið.

Tillagan hafði verið samþykkt á kennarafundi.

Breytingartillagan var samþykkt.

3. Niðurstöður lestrarprófa

Kynntar voru niðurstöður lestrarprófa sem lögð voru fyrir nemendur í september.

Í maí var skólinn nokkuð undir lesinna orða og viðmiða en hefur hækkað og er yfir landsmeðaltali. Algengt er að nemendur lækki í lestri yfir sumarið og hækki svo yfir veturinn. Annað sem vekur athygli er að í mörgum árgöngum eru yfir 50% nemenda undir fyrsta

viðmiði í læsisviðmiðum. Verið er að setja í gang lestrarátak sem á að miða að því að koma nemendum á skrið. Ákveðið að skólastjóri sýni myndirnar á aðalfundi foreldrafélagsins sem verður haldinn eftir helgi.

4. **Stefnumótun skóla**

Fara þarf í þá vinnu að móta stefnu skólans en vegna ýmissa ytri aðstæðna hefur dregist að hefja þessa vinnu. Samtal er í gangi við ráðgjafa um aðstoð, hvort sem hann komi með í verkið eða sé til aðstoðar. Byrja þarf á að vinna með gildi skólans og koma allir aðilar að þeirri vinnu, sérstaklega nemendur.

5. **Upphaf skólastarfs**

Nú eru 188 nemendur skráðir í skólann og er 189. nemandinn á leiðinni. Starfsmenn eru 50. Verið er að leggja nýjar áherslur á marga þætti starfsins, t.d. er teymiskennsla í mörgum árgöngum, val á miðstigi hefur komið vel út. Kennslu í list og verkgreinum hefur verið breytt í lotukennslu, þar sem nemendur koma í sex kennslustundir á viku í 6 vikur. Og að lokum eru kennarar skólans að fara í gegnum Verkfærakistu KVAN þar sem Anna Steinsen leiðbeinir þeim áfram. Einnig er nýtt fyrirtæki með hádegismatinn, Matartíminn og hefur maturinn mælst nokkuð vel fyrir hjá nemendum og starfsmönnum. Í boði er réttur dagsins ásamt aukarétti, t.d. pasta, byggi eða hrísgrjónum ásamt salati.

6. **Húsnæðismálin**

Nú er verið að taka í gegn þak skólans og skipta um þakglugga. Verið að setja þakpappa og bræða hann á. Búið er að þétta glugga í stigahúsum. Það stýttist í að bekkjarstofur á efri hæð skólans verði teknar í gegn. Skólastjóri hefur ítrekað óskað eftir því að fá niðurstöður þeirra úttekta sem gerðar hafa verið- en án árangurs.

7. **Önnur mál**

- *Foreldraviðtöl* verða haldin 21.október næstkomandi.
- *Vetrarfrí* er dagana 22., 25 .og 26.október.
- *Ávaxtabiti*. Frá og með 1.nóvember verður farið af stað með tilraunaverkefni í skólanum þar sem boðið verður upp á að kaupa áskrift að ávaxtabita að morgni. Þá kæmu ávextirnir í stað morgunnestis nemenda.
- *Bekkjarsjóður*. Sú hugmynd var lögð fram að foreldrar myndu leggja í smá sjóð sem kennarar gætu nýtt sér til að kaupa ís eða standa að öðrum uppákomum með sínum bekk. Rætt um að fjárhæð sé 1000-1500 kr. Vel tekið í þessa hugmynd. Ákveðið að ræða þetta á aðalfundi foreldrafélagsins, ef undirtektir verða jákvæðar verður sendur póstur á alla foreldra.

Næsti fundur í skólaráði verður boðaður 6.desember kl 8.30

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 10.00

